



Stefnumörkun

Lögreglan á Austurlandi árið 2023

Samantekt og ábyrgð

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1. Helstu tölur ársins 2022 miðað við markmið sama árs	3
2. Markmið.....	4
3. Hugmyndafræði	4
4. Framtíðarsýn	4
5. Stefna / áherslur	4
5.1. Samvinna og samskipti.....	4
5.2. Innra starf	5
5.3. Afbrot og verkefni	5
Umferðarmál	5
Fíkniefnamál	6
Útlendingamál.....	6
Heimilisofbeldi	6
Landamæraeftirlit.....	6
Náttúruvá.....	6
Utanvegaakstur	7
6. Markmið/áætlun embættisins fyrir árið 2023	8
7. Eftirfylgni /umbætur	10
 Fylgiskjöl	 11
a. Helstu tölur ársins 2022 bornar saman við markmið/áætlanir sem settar voru í byrjun árs 2022.....	11
b. Þróun helstu brota – verkefna (Bráðabirgðatölur fyrir árið 2022.).....	12
Forvarnarstefna lögreglunnar á Austurlandi	15

1. Inngangur

Frá árinu 2020 hefur lögreglan á Austurlandi birt stefnumörkun til næstu tólf mánaða. Hún hefur byggt hana á reynslu fyrri ára og miðað við sett markmið og áherslur. Stefnan hefur verið kynnt opinberlega þannig að störf hennar, áherslur og markmið hverju sinni verði sýnileg íbúum.

Lykilmarkmið embættisins er að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa með því að veita framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum í samræmi við hlutverk það sem henni er falið að lögum. Stefnan miðar að þessu markmiði.

Þannig stefnir lögregla sem fyrr að öflugum forvörnum í samstarfi við hagsmunaaðila, sýnileika, faglegri og skilvirkri rannsóknarvinnu, markvissri gagnagreiningu til notkunar við ákvörðunartöku og að reglulegri upplýsingamiðlun til íbúa.

Lögregla hefur átt gott samstarf við sveitarfélög á svæðinu og barnavernd. Hún mun gera sitt til að treysta þá samvinnu og freista þess að auka enn samstarf við aðra hagsmunaaðila eins og stjórnendur skóla í umdæminu, nemendur þeirra og kennara. Hún stefnir og að auknu samtali við félagasamtök, atvinnulíf og ekki síst íbúa, með þá hugmyndafræði að leiðarljósi að samvinna og samstarf sé best til þess fallið að gera gott samfélag enn betra.

Vekur lögregla í því sambandi athygli á að afbrotavarnir eru samfélagslegt viðfangsefni þar sem allir hafa hlutverk og bera ábyrgð.

Það þarf þorp til að ala upp barn! Hjálpumst að við það verkefni.

1.1. Helstu tölur ársins 2022 miðað við markmið sama árs

1. Stefnt var að því að hegningarlagabrot yrðu ekki fleiri en þau voru að meðaltali árin 2018 til 2021 eða 113 brot. Skráð brot voru 97 talsins árið 2022 sem er 14% fækkun.
2. Gert var ráð fyrir að umferðarlagabrot yrðu svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali árin 2018 til 2021 eða 1403. Þau voru skráð 1485 árið 2022 sem er 6% fjölgun.
3. Stefnt var að fækkun umferðarslys miðað við meðaltal árána 2018 til 2021, eða 41 slys. Skráð slys voru 43 árið 2022 sem er 5% fjölgun.
 - Meðalumferðarþungi á Austurlandi, samkvæmt vísitölu Vegagerðar, var 147,75 árin 2018 til 2021. Vísitalan er 165,6 árið 2022, sem sýnir 12% aukningu umferðar.¹
4. Gert var ráð fyrir svipuðum fjölda skráðra fíkniefnabrota og þau voru að meðaltali árin 2018 til 2021, eða 34 talsins. Þau voru skráð 35 árið 2022.
5. Stefnt var að því að skráð heimilisofbeldismál yrðu ekki fleiri en þau voru árið 2021, eða 29 talsins. Þau voru 19 árið 2022 sem er 32% fækkun.

Fylgiskjöl

Helstu tölur aðrar og niðurstöður ársins 2022, bornar að markmiðum sama árs, má finna í fylgiskjali 1.

¹.¹ [Hringvegur-2022 netið.pdf \(vegagerdin.is\)](#)

2. Markmið

Lögreglan stefnir að því að veita bestu þjónustu við íbúa sem völ er á. Það gerir hún með markvissum aðgerðum til fækkunar brota og slysa, meðal annars í samstarfi við hagsmunaaðila.

Þannig nái hún því lykilmarkmiði að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa og þeirra sem starfa og dvelja í umdæminu.

3. Hugmyndafræði

Lögreglan telur að með áherslu á innra starf og viðvarandi umbótavinnu, sem og með -

- ✓ áframhaldandi þróun á samstarfi við stofnanir, félagasamtök, atvinnulíf og íbúa á svæðinu,
- ✓ faglegri tölfræðilegri greiningu á tíðni og þróun tiltekinna brota og verkefna sem gefa góða vísbendingu um stöðu mála almennt og ekki síst markvissra viðbragða í tíma ef markmið eru ekki að nást,
- ✓ sýnileika hvar sem honum verður við komið, svo sem í íbúðahverfum og út á vegum og á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum,
- ✓ markvissri forvarnavinnu í samvinnu við skóla í umdæminu í samræmi við nýja forvarnarstefnu embættisins, (sjá fylgiskjal),
- ✓ markvissri frumkvæðisvinnu í umferðarmálum og öðru eftirliti sem lögreglu heyrir til og
- ✓ góðri þjálfun og menntun lögreglumanna

megi tryggja gæði löggæslunnar og þjónustu hennar við íbúa og ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

4. Framtíðarsýn

Að lögreglan á Austurlandi verði ávallt tilbúin að takast á við verkefni sín af styrk, fagmennsku og innan tímamarka. Þannig verði starfsemi hennar hnökralaus og af bestu gæðum.

5. Stefna / áherslur

5.1. Samvinna og samskipti

Lögregla lítur svo á að samvinna við hagsmunaaðila sé lykilþáttur í að ná markmiðum um öryggi íbúa og öryggistilfinningu. Hún stefnir því að áframhaldandi góðu samstarfi við stjórnendur sveitarfélaga, félagsþjónustu og barnavernd. Aðrar einingar og stofnanir sem teljast til lykilsamstarfsaðila embættisins og skipta miklu þegar kemur að samvinnu við oft erfiðar aðstæður, eru slökkviliðin, Landsbjörg og Veðurstofa, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerð og Rauði krossinn. Þá er samstarf við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra að aukast með hverju árinu.

Leitast verði við að tryggja gott samstarf með því að aðilar hittist reglulega, fari yfir sameiginlega snertifleti og leiti úrbóta þar sem þeirra er þörf.

Lögregla mun leggja aukna áherslu á samvinnu og samtal við stjórnendur í skólum umdæmisins, nemendur þeirra og kennara, með það að markmiði að efla það sem vel er gert og bæta annað. Að

sama skapi stefnir lögregla að auknu samtali við atvinnulífið, sér í lagi þau stóru fyrirtæki og stofnanir sem hér starfa. Markmiðið er að auka skilning á verkefnum hvers annars, þeim áskorunum sem við er að etja og leita úrbóta þar sem leiðir skarast og þeirra er þörf.

Þá verði áhersla lögð á virkt samstarf og samtal við íbúa á svæðinu, með reglulegri upplýsingamiðlun um stöðu mála á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum, en ekki síður með því að gefa kost á beinu samtali hvar sem því verður við komið, svo sem á fundum félaga- og íbúasamtaka.

5.2. Innra starf

Lögregla stefnir að áframhaldandi góðri og markvissri upplýsingamiðlun til starfsmanna, að þeir verði á hverjum tíma vel upplýstir um það sem efst er á baugi bæði innan stofnunar og utan. Hún stefnir og að enn eflðri þjálfun og menntun starfsmanna þannig að embættið verði ávallt tilbúið að takast á við þau verkefni er upp koma. Þjálfunarstefna var mörkuð í þessu skyni á síðasta ári og mun henni fylgt.

Unnið hefur verið að aukinni samvinnu deilda og eininga sem miðar að því að styrkja embættið sem eina heild. Með það markmið að leiðarljósi hafa starfsmenn hist reglulega til að meta starfið sem unnið er, verklag til að mynda, áherslur og markmið, og freistað þess að rétta af kúrsinn þar sem þess er þörf. Stefnt er að enn frekari eflingu þessa þar sem starfsmenn sjálfir setja sameiginlega áherslur hverju sinni, byggðar á þeim verkefnum sem við er að etja og markmiðum embættisins. Slíkar áherslur verði og kynntar innanhúss og til íbúa. Þannig er stefnt að því að bæði áherslur og verkefni lögreglu verði markvissari en áður, gæði þjónustunnar meiri og þróun í starfseminni hraðari.

Rannsóknardeild embættisins hefur gegnum tíðina tekist á við stór, alvarleg og viðamikil mál, svo sem fíkniefnabrot og ofbeldis- og kynferðisbrot. Málastaðan hefur verið í jafnvægi og kappkostað að tímamörk ríkissaksóknara í alvarlegri málum haldi. Unnið verður að því að efla rannsóknir enn frekar, m.a. með því að færa ábyrgð til fleiri starfsmanna undir stjórn rannsóknardeildar og útvíkka þannig þekkingu, reynslu og hæfni innan embættisins.

Leiðarljós í samskiptum er virðing, trúnaður, kurteisi og heiðarleiki.

5.3. Afbrot og verkefni

Umferðarmál

Umferðarslysum hefur fækkað hlutfallslega í umdæminu miðað við umferðarpunga. Áherslur lögreglu í umferðarmálum munu því svipaðar og áður. Markvisst verði stefnt að því að ná niður hraða og auka aðgæslu ökumanna, meðal annars með upplýsingamiðlun til íbúa um áherslur hverju sinni og upplýsingum um slysaðði og orsakir slysa.

Lögregla stefnir og að sýnileika á völdum stöðum og tímum og að beinum afskiptum þar sem þeirra er þörf.

Stefnt er að auknu samstarfi við veghaldara, sveitarfélög og Vegagerð, með það að markmiði að leita uppi svartbletti vegakerfisins og freista þess að finna lausnir.



Fíkniefnamál

Áhersla mun á eftirlit með fíkniefnamisferli hverskonar, vörslu efna, neyslu og ekki síst sölu og innflutning. Í því felst m.a. að hratt sé brugðist við ábendingum um brot og að rannsóknir þeirra tefjist hvergi.

Stefnt er að áframhaldandi öfluggu eftirliti með landamærum í samstarfi við tollgæslu, og mögulegum innflutningi efna, hvort heldur með flugi eða frá sjó.

Útlendingamál

Stefnt er að öfluggu eftirliti með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga. Virku vinnustaðaeftirliti verður meðal annars haldið úti í samræmi við eftirlitsskyldu lögreglu að lögum.

Heimilisofbeldi

Samstarf við barnavernd og félagsþjónustu sveitarfélaga hefur verið öflugt og í samræmi við verklag ríkislögreglustjóra í málaflokknum. Áfram verður haldið á þeirri braut með það að markmiði ekki síst að koma í veg fyrir ítrekaða árekstra milli skyldra og tengdra. Í því felst meðal annars að kynna úrræði til þeirra er fyrir verða og að standa.



Landamæraeftirlit

Landamæraeftirlit hefur verið stækkandi þáttur í starfseminni eftir því sem ferðamannaiðnaðurinn eflist; farþegaskipum sem hingað koma fjölgar og þau stækka. Millilandaflug er og að aukast. Á sama tíma eru alþjóðlegar kröfur til lögreglu um eftirlit með landamærum að verða meiri. Starfsemin verður þar með sérhæfðari og búnaður flóknari. Hvorutveggja kallar á aukna þjálfun lögreglumanna og fjölgun. Stefnt er að hvorutveggja.

Náttúruvá

Áframhaldandi markvissu reglulegu samstarfi verður fram haldið við lykilaðila í almannavörnum, hvort heldur hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra eða innan umdæmis. Þar hafa unnið þétt saman fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra, Landsbjargar, Rauða krossins, slökkviliðanna, Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Vegagerðar.

Markmiðið er að tryggja snurðulausa framkvæmd aðgerða þegar náttúruvá ber að höndum eða hún yfirvofandi. Haldnar verði reglulegar æfingar, markvissar greiningar gerðar á ástandi og horfum og viðbragðsáætlanir ritaðar. Nýjar áhættur er að líta dagsins ljós er tengjast meðal annars auknum fjölda ferðamanna í fjórðungnum og eins aukinni hættu á gróðureldum í sumarhúsabygðum svo dæmi séu tekin. Við hvorutveggja þarf að bregðast.



Utanvegaakstur

Lögregla sinnir reglubundnu hálendisefirliti og verður þá víða vör við utanvegaakstur. Hún vill leggja sitt af mörkum til að stemma þar stigu og mun leita aukins samstarfs við hagsmunaaðila eins og sveitarfélög og aðra landeigendur, Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjórðgarð, Landgræðslu og fleiri með það að markmiði að stilla strengi og leita sameiginlegra lausna.

6. Markmið/áætlun embættisins fyrir árið 2023

Þjónusta – öryggi	Mæling
Lögregla stefnir að því að veita þeim sem búa, starfa og dvelja í umdæminu bestu mögulegu þjónustu í samræmi við hlutverk hennar og áherslur. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi verði ekki undir 90%.	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu / Ríkislögreglustjórinn
Lögregla stefnir að því með störfum sínum að tryggja öryggi og öryggistilfinningu þeirra sem búa starfa og dvelja í umdæminu. Þannig setur hún markmið um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 95%.	Polendakönnun lögreglu (Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa /Ríkislögreglustjórinn.)

Samstarf	Mæling
Stefnt er að áframhaldandi samstarfi við stofnanir á svæðinu, félagsamtök og fl. (Stjórnendur sveitarfélaga á svæðinu, félagsþjónustu og barnavernd en einnig slökkvilið í ljósi aðstæðna og náttúruvár hvers konar, Landsbjörg og Veðurstofu, Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Vegagerð, Rauða krossinn og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.)	Metið meðal samstarfsaðila í lok árs hvernig til hefur tekist. Greinargerð rituð í kjölfarið um það hvað gekk vel og hvað megi bæta.

Greining og skráning brota og verkefna	Mæling
Fylgst verði með tegund og tíðni hegningarlagabrota eins og auðgunarbrota, eignaspjalla og ofbeldisbrota (Stefnt að því að hegningarlagabrot verði ekki fleiri en þau voru að meðaltali árin 2018 til 2022. Meðaltalið er 109 brot.)	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun skráðra umferðarslysa. (Stefnt að því að umferðarslysum fækki miðað við meðaltal árunna 2018 til 2022. Meðaltalið er 41 slys.)	Lögreglukerfið LÖKE

Fylgst verði með þróun skráðra heimilisofbeldismála, en vonast er til, með markvissri vinnu við að koma í veg fyrir ítrekuð brot, að skráð mál verði ekki fleiri en að meðaltali árin 2020 til 2022, eða 24 talsins.	Lögreglukerfið LÖKE
Fylgst verði með þróun í fjölda/hlutfalli barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímuefna borið saman við sambærilegar tölur síðustu ára. Markmiðið er að þar verði ekki um fjölgun að ræða.	Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining (R&G)

Sýnileg löggæsla	Mæling
Að tryggja sýnileika lögreglu og nálægð við íbúa með auknu eftirliti almennt, sérstaklega við skóla og á fjölförnum vegum og vegarköflum þar sem slys hafa verið tíð. Markmiðið er að slíku eftirliti verði sinnt og það skráð eigi sjaldnar en sem nemur skráningu að meðaltali á árunum 2020 og 2021, eða 363 skráningar.	Skráning í LÖKE, „sýnilegt eftirlit“
Reglulegar upplýsingar um áherslur lögreglu hverju sinni og þróun brota og verkefna skráðar reglulega á vefmiðla lögreglu, eigi sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti. (Heimasíða og samfélagsmiðlar.)	Fjöldi skráninga lögreglu á netmiðla í tengslum við þetta verkefni
Að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftari en einu sinni í viku samkvæmt viðhorfskönnun verði ekki undir 70%	Viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands til þjónustu og starfa lögreglu

Frumkvæðislöggæsla	Mæling
Gert ráð fyrir að skráð umferðarlagabrot verði svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali á árunum 2018 til 2022, eða 1422 brot.	Lögreglukerfið LÖKE
Gert ráð fyrir svipuðum fjölda fíkniefnabrota og þau voru að meðaltali árin 2018 til 2022, eða 35.	Lögreglukerfið LÖKE

Skilvirkt eftirlit með dvalar- og atvinnuréttindum útlendinga. Stefnt að því að eftirlitsferðir lögreglu í þessu sambandi verði ekki færri en ein að jafnaði á mánuði eða 12 á árinu.	Lögreglukerfið LÖKE
---	---------------------

7. Eftirfylgni /umbætur

Lögreglan mun kynna megin niðurstöður er varða þróun brota og valinna verkefna sem nefnd eru í kafla sex hér að framan, á heimasíðu lögreglu, samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum í byrjun næsta árs.

Lögregla mun og freista þess í ársbyrjun 2024 að hitta samstarfsaðila með það að markmiði að fara yfir og bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í febrúar.

Þá mun umbótagópur, sem allir starfandi lögreglumenn á svæðinu heyra til, koma saman eigi síðar en í janúar á næsta ári og rýna stefnumörkunina. Markmiðið er að meta hvernig til tókst og ákveða næstu skref.

Fylgiskjöl

- a. Helstu tölur ársins 2022 bornar saman við markmið/áætlanir sem settar voru í byrjun árs 2022.

1) Þjónusta – Öryggi

- a) Markmið var sett um að hlutfall þeirra sem telja lögreglu skila góðu starfi verði ekki undir 90%.
 - i) Niðurstaðan var 92,3%
- b) Markmið var sett um að hlutfall þeirra sem telja sig mjög eða frekar örugga í umdæminu verði ekki undir 95%.
 - i) Niðurstaðan var 96,6%
- c) Markmið var sett um að hlutfall íbúa sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl á sínu svæði oftast en einu sinni í viku verði ekki undir 70%.
 - i) Niðurstaðan var 71%

2) Samstarf

- a) Stefnt var að markvissu samstarfi við stofnanir á svæðinu og félagasamtök
 - i) Vegna COVID fyrri hluta ársins var samstarf lögreglu við sveitarfélög, HSA og Rauða krossinn afar þétt sem fyrr. Tuttugu og fimm fundir voru haldnir í aðgerðastjórn fjórðungsins vegna COVID, sá síðasti 7. Júní. Þá voru ellefu fundir í Almennavarnanefnd umdæmisins.
 - ii) Samstarf við félagsþjónustu og barnavernd var í samræmi við markmið. Að jafnaði hittast þessir aðilar einu sinni í viku til að fara yfir mál er snúa að börnum og ungmennum, með það að markmiði að veita aðstoð þeim sem þurfa.

3) Upplýsingamiðlun til íbúa

- a) Stefnt var að virku samstarfi og samtali við íbúa á svæðinu, til að mynda með reglulegri upplýsingamiðlun um stöðu mála á heimasíðu lögreglu, á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.
 - i) Tilkynningar á vef lögreglu, logreglan.is, voru 48 talsins árið 2022. Í flestum tilvikum var um upplýsingar frá aðgerðastjórn að ræða vegna COVID mála en einnig upplýsingar um fjölda umferðarslys á tilteknum tíma, vettvang þeirra og ástæður óhapps. Mun fleiri tilkynningar fóru á samfélagsmiðla og stefnt að því að auka þann þátt á árinu 2023 og útvíkka.




4) Greining og skráning brota og verkefna




- a) Hegningarlagabrot
 - (1) Stefnt að því að hegningarlagabrot yrðu ekki fleiri en þau voru að meðaltali árin 2018 til 2021 eða 113 brot.
 - (a) Niðurstaðan var 97 brot.
- b) Umferðarslys
 - i) Stefnt að því að umferðarslysum fækki miðað við meðaltal áranna 2018 til 2021. Meðaltalið var 41 slys.
 - (1) Niðurstaðan var 43 slys á árinu.
- c) Heimilisofbeldismál
 - i) Stefnt var að því að með markvissri vinnu við að koma í veg fyrir ítrekuð brot, muni skráðum heimilisofbeldismálum fækka frá því sem þau voru árið 2021, en þá voru þau 29 talsins.
 - (1) Niðurstaðan var 19 skráð mál.
- d) Þróun í fjölda/hlutfall barna og ungmenna sem segjast hafa notað vímuefna borið saman við sambærilegar tölur síðustu ára
 - (1) Samkvæmt niðurstöðum Rannsóknarmiðstöðvarinnar Rannsóknir og greining (R&G) er að mati sveitarfélaganna ekki að finna marktækar breytingar þarna milli ára.

5) Frumkvæðislöggæsla

- a) Umferðarlagabrot
 - i) Gert var ráð fyrir að skráð umferðarlagabrot myndu svipuð að fjölda og þau voru að meðaltali á árunum 2018 til 2021 eða 1403 brot.
 - (1) Niðurstaða var 1485 brot.
- b) Fíkniefnabrot
 - (1) Gert var ráð fyrir svipuðum fjölda fíkniefnabrota og þau voru að meðaltali árin 2018 til 2021 eða 35 til 40 brot.
 - (a) Niðurstaðan var 35 brot.

b. Þróun helstu brota – verkefna (Bráðabirgðatölur fyrir árið 2022.)







15.1.2023

Lögreglan Austurlandi

Traust - Virðing - Framsækni

Traust – Virðing - Framsækni



Forvarnarstefna lögreglunnar á Austurlandi

2023

Ábyrgð

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn

Samantekt

Guðbjörg Agnarsdóttir, lögreglunemi
Guðgeir Einarsson, lögreglunemi

INNGANGUR

Lögreglan á Austurlandi hefur síðustu ár litið getað sinnt heimsóknum til nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum umdæmisins. Skýrist það að hluta af COVID sem kom alfarið í veg fyrir slíkar heimsóknir. Lögregla telur þær hinsvegar mikilvægar með tilliti til forvarna, til aukins trausts til lögreglu og til að stuðla að auknum og betri samskiptum þarna á milli. Til mikils er því að vinna að koma slíkum heimsóknum af stað að nýju.

Lögreglan hefur, í því skyni að ramma þennan þátt löggæslu inn í starfsemi sína, skilgreint að hverju er stefnt og hver markmiðin eru. Þá eru nefnd dæmi um hvaða fræðsla verður í boði.

Hvort allt muni þarna ganga eftir, sökum verkefnastöðu hjá lögreglu meðal annars, verður að koma í ljós. Mjór er mikils vísir og þó hægt kunni að ganga í fyrstu standa vonir til að smátt og smátt aukist lögreglu þróttur í þessu efni.

Lögregla mun endurskoða verkefnið að ári liðnu og verður þá ákveðið, að höfðu samráði við yfirvöld skólamála í umdæminu, hver næstu skref verða.

STEFNA

Að bjóða nemendum í skólum umdæmisins upp á viðeigandi fræðslu með markmið um forvarnir/afbrotavarnir að leiðarljósi.

Að funda vikulega svo sem verið hefur með fulltrúum barnaverndaryfirvalda með það að markmiði að vekja athygli á þeim einstaklingum sem lent hafa í árekstrum við umhverfi sitt og þurfa aðstoð.

Að sitja í forvarnarteymum sveitarfélaga ef eftir því er leitað.

Að forvarnarstarfið taki ávallt mið af farsæld barna og hagsmunum þeirra.

MARKMIÐ

Forvarnarstefna LAL miðar að því að koma á og viðhalda góðu samstarfi lögreglu við skólayfirvöld í umdæminu og nemendur þeirra.

Til að forvarnir skili árangri þarf starfið að vera markvisst og faglegt. Markmiðið er -

- að stuðla að forvörnum/afbrotavörnum meðal ungs fólks
- að auka traust til lögreglu
- að efla samband lögreglu og íbúa

FRÆÐSLA - EFNI

Stefnt er að því að bjóða fræðslu um umferðarlög og hvernig hægt er að stuðla að auknu umferðaröryggi, svo sem gildi endurskinsmerkja, notkun bílbelta og svo framvegis. Þá verði boðið upp á reiðhjólaskoðun eftir því sem tilefni og möguleikar eru til.

Eldri árgöngum verði boðið upp á fræðslu um ávana- og fíkniefni, ábyrga netnotkun, ofbeldi og alvarleika þess, sakhæfisaldur, útivistartíma og tilkynningar til barnaverndaryfirvalda svo dæmi séu tekin.

SAMANTEKT

Í umdæminu eru 12 leikskólar, 13 grunnskólar og tveir framhaldsskólar. Lögregla mun leitast við að sinna forvörnum til jafns í öllum skólum á svæðinu, eftir beiðni þar um. Fræðslan tekur mið af þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að framan.

- Hafi skólayfirvöld hug á fræðslu fyrir nemendur sína er hægt að senda beiðni til lögreglu á netfangið austurland@logreglan.is. Svar mun berast um hæl.